



Danielslundur

Skógræktarfélag Borgarfjarðar



Danielslundur í Svignaskarði í Borgarfirði ber nafn Daniels Kristjánssonar, skógarvarðar frá Hreðavatni. Hann var stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Borgarfjarðar en jafnframt framkvæmdastjóri þess um langt árabíl. Félagið hófst hér handa við ræktun árið 1961, þegar 25 ha spilda fékkst á erfðafestu.



Sama ár var landið friðað og gróðursett í fyrsta skipti alls um 7.000 trjáplöntur. Árið 1978 var landið stækkað enn frekar og nafni svæðisins breytt í Danielslund, til heiðurs Daníel í tilefni af 70 ára afmæli hans. Árangur ræktunarinnar hefur komið verulega á óvart. Mesta athygli vekur að efst á klapparholtinu, sem margir héldu í upphafi að ekki væri trjáplöntum bjóðandi, vex trjágróður ágætlega. Skilyrði til skógræktar eru hér greinilega ákjósanleg.

Danielslundur er í alfaraleið og tilvalinn áningarstaður til að slaka á um stund og fara í styttri eða skemmri gönguferðir um skógarstíga í ró og næði.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar er öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt

Velkomin í Opinn skóg

Gönguleiðir		● Þú ert hér
Göngustígar	ca. 720 m	Grill
ca. 1570 m	ca. 690 m	Trjásafn
Borð og bekkur		Útsýni
Bílastæði		Upplýsingar
Áhugaverður staður		



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

